

Rannsóknasjóður

17 550

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfspáttayfirlit	7
Skýringar	8

Rannsóknasjóður

kt. 590504-3510

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknasjóður er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um xxx.

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Með hugtakinu vísindarannsóknir er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Rannsóknasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003.

Rannsóknasjóður er opinn samkeppnissjóður sem veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna.

Starfsemin fellur undir málefnavið 7 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 3.727,1 milljónir og afkoma kr. -84,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 948,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.087,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknasjóðs fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	3.727.100.000	3.805.100.000
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	8.391
Tekjur samtals		3.727.100.000	3.805.108.391
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	3.738.944.653	3.671.129.120
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	170.780	0
Annar rekstrarkostnaður	5	72.467.364	46.192.592
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		2.405	0
Gjöld samtals		3.811.585.202	3.717.321.712
Afkoma ársins		(84.485.202)	87.786.679
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(47.240.549)	(23.184.201)
Rekstrartilfærslur		0	(1.958.000)
Fjármagnstíl færslur		(37.244.653)	112.928.880
		(84.485.202)	87.786.679

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	6	1.339.138	1.677.394
Viðskiptakröfur		9.150.036	0
Tengdir aðilar	7	2.076.917.832	2.141.543.345
Eignir samtals		<u>2.087.407.006</u>	<u>2.143.220.739</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	972.643.852	927.451.074
Viðskiptaskuldir		753.601	3.445.251
Ýmsar skammtímaskuldir	8	166.049.258	179.878.917
Skuldir samtals		<u>1.139.446.711</u>	<u>1.110.775.242</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		947.960.295	1.032.445.497
Eigið fé	9		
Hrein eign		947.960.295	1.032.445.497
Eigið fé samtals		<u>947.960.295</u>	<u>1.032.445.497</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.087.407.006</u>	<u>2.143.220.739</u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(84.485.202)	87.786.679
		<u>(84.485.202)</u>	<u>87.786.679</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(9.150.036)	0
Tengdir aðilar		109.818.291	(105.409.155)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(16.521.309)	18.277.681
		<u>84.146.946</u>	<u>(87.131.474)</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>(338.256)</u>	<u>655.205</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(338.256)	655.205
		<u>1.677.394</u>	<u>1.022.189</u>
	Handbært fé í árslok	<u><u>1.339.138</u></u>	<u><u>1.677.394</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	25.400.000	0	3.701.700.000	3.727.100.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	25.400.000	0	3.701.700.000	3.727.100.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(62.682.748)	(1.958.000)	1.097.086.245	1.032.445.497
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(9.100.000)	1.958.000	7.142.000	0
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	(46.382.748)	0	4.805.928.245	4.759.545.497
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(72.640.549)	0	(3.738.944.653)	(3.811.585.202)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(119.023.297)	0	1.066.983.592	947.960.295

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Yfirstjórn 17 550 101	Rannsóknasjóður 17 550 660	Samtals 2023
	Málefnasvið - málaflokkur		
	710	710	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	25.400.000	3.701.700.000	3.727.100.000
Tekjur samtals	25.400.000	3.701.700.000	3.727.100.000
Gjöld			
Tilfærslur	0	3.738.944.653	3.738.944.653
Laun og launatengd gjöld	170.780	0	170.780
Annar rekstrarkostnaður	72.467.364	0	72.467.364
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	2.405	0	2.405
Gjöld samtals	72.640.549	3.738.944.653	3.811.585.202
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(47.240.549)	(37.244.653)	(84.485.202)
Afkoma ársins	(47.240.549)	(37.244.653)	(84.485.202)
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(47.240.549)	0	(47.240.549)
Fjármagnstilfærslur	0	(37.244.653)	(37.244.653)
	(47.240.549)	(37.244.653)	(84.485.202)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	25.400.000	3.701.700.000	3.727.100.000
Fjárveiting til tekna	25.400.000	3.701.700.000	3.727.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(72.640.549)	(3.738.944.653)	(3.811.585.202)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(47.240.549)	(37.244.653)	(84.485.202)
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs	(71.782.748)	1.104.228.245	1.032.445.497
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(119.023.297)	0	(119.023.297)
Fjármagnstilfærslur	0	1.066.983.592	1.066.983.592
	(119.023.297)	1.066.983.592	947.960.295

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skýringar

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	3.727.100.000	3.805.100.000
	<u>3.727.100.000</u>	<u>3.805.100.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	25.400.000	0	3.701.700.000	3.727.100.000
Fjárveiting til tekna	25.400.000	0	3.701.700.000	3.727.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrögnum sértekjum .	(72.640.549)	0	(3.738.944.653)	(3.811.585.202)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(47.240.549)	0	(37.244.653)	(84.485.202)

3 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	0	(1.142.000)
Rekstrartilfærslur aðrir	0	3.100.000
Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	3.103.258.663	3.038.671.992
Fjármagnstilfærslur aðrir	635.685.990	630.499.128
	<u>3.738.944.653</u>	<u>3.671.129.120</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Starfsmannakostnaður	170.780	0
	<u>170.780</u>	<u>0</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

Matvæli	0	352.150
Vörukaup, almenn	0	352.150
Fundir, námskeið, risna	225.900	16.891.200
Ferðir, uppihald	2.510.010	2.142.370
Sérfræðiþjónusta	27.971.054	26.804.872
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	0	2.000
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	30.706.964	45.840.442
Tilfærslur til erlendra aðila	41.760.400	0
Tilfærslur	41.760.400	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>72.467.364</u>	<u>46.192.592</u>

31.12.2023 **31.12.2022**

6 Handbært fé

Tékkareikningar	1.021.830	1.364.386
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	317.308	313.008
	<u>1.339.138</u>	<u>1.677.394</u>

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.076.917.832	2.141.543.345
	<u>2.076.917.832</u>	<u>2.141.543.345</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	972.643.852	927.451.074
	<u>972.643.852</u>	<u>927.451.074</u>

8 Ýmsar skammtímaskuldir

Önnur ógreidd gjöld	166.049.258	179.878.917
	<u>166.049.258</u>	<u>179.878.917</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	1.032.445.497	944.658.818
Afkoma ársins	<u>(84.485.202)</u>	<u>87.786.679</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>947.960.295</u>	<u>1.032.445.497</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hafa verið gerðir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.